

## Verklag ÞHS um tilvísanir vegna vísbendinga um ADHD hjá börnum á leikskólaaldri og yngsta stigi grunnskóla<sup>1</sup>

### Viðmið um flokkun ADHD einkenna út frá skimun vandans á heimili og í skóla

**Væg hömlun:** Einkenni athyglisbrests og/eða ofvirkni/hvatvísi eru til staðar en valda aðeins takmarkaðri hömlun við fáar eða afmarkaðar aðstæður.

**Miðlungs hömlun:** Einkenni athyglisbrests og/eða ofvirkni/hvatvísi eru til staðar og valda hömlun við leik, störf og daglegar athafnir í fleiri en einum aðstæðum (heima, við daglega iðju, í skóla/leikskóla, með jafnöldrum).

**Alvarleg hömlun:** Sterk einkenni athyglisbrests og ofvirkni/hvatvísi sem valda mikilli hömlun við leik, störf og daglegar athafnir í flestum aðstæðum (heima, við daglega iðju, í skóla/leikskóla, með jafnöldrum).

Eftir skimun fer frumgreining fram hjá sálfræðingi leikskóla/grunnskóla (klínískt mat, vitsmunaproskapróf og ADHD matslistar – einkenni a.m.k. 1,5 staðalfráviki yfir meðaltali jafnaldra á Ofvirknikvarðanum).

1. Ef niðurstöður frumgreiningar benda til ADHD með vægri eða miðlungs hömlun skal láta reyna á markvissa íhlutun í a.m.k. 6 mánuði áður en sálfræðingur leikskóla/grunnskóla sendir tilvísun um nánari greiningu til ÞHS. Ef endurmat á hegðun og líðan barnsins sýnir að áfram er til staðar töluverð hömlun þrátt fyrir markvissa íhlutun í 6 mánuði sendist tilvísun til ÞHS og íhlutun er haldið áfram.
2. Ef niðurstöður frumgreiningar benda til sterkra ADHD einkenna með alvarlegri hömlun og/eða þegar hefur verið látið reyna á markvissa íhlutun er mælt með tilvísun til ÞHS ásamt því að setja strax af stað/halda áfram með markvissa íhlutun.

### Með markvissri íhlutun er átt við aðgerðir í skóla og á heimili með aðferðum sem henta börnum með ADHD, t.d. eftirfarandi:

- Teymi (leikskóli/skóli, foreldrar, stoðþjónusta) er myndað til að efla og samræma úrræði og samstarf. Sótt er um úthlutun sérkennslutíma í leikskóla að lágmarki 1 tími á dag. Í skóla er mælt með öflugum stuðningi strax við upphaf grunnskólagöngu. Þegar barn færast milli skólastiga þurfa að fara fram ítarleg skil og gæta þarf þess að nýtt

<sup>1</sup> Unnið á Proska- og hegðunarstöð í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts í maí til september 2010 og byggt á klínískum leiðbeiningum NICE stofnunarinnar: National Institute for Health and Clinical Excellence (2009). Attention deficit hyperactivity disorder: Diagnosis and management of ADHD in children, young people and adults. Nice Clinical Guideline 72. London (www.nice.org.uk).

teymi sé myndað með foreldrum strax við upphaf grunnskólagöngu. Mælt er með því að teymið hittist að lágmarki 1–2 sinnum á önn umfram hefðbundin foreldraviðtöl.

- Hegðunarmótandi aðferðir og félagsfærniþjálfun í skóla/leikskóla og á heimili til að efla einbeitingu, úthald, fylgni við fyrirmæli og bætt samskipti. Mælt með umbunarkerfi, tímavaka, stuttum vinnulotum, sjónrænu skipulagi og stuðningi við jákvæða hegðun .
- Aðlögun umhverfis og almennur stuðningur í skóla.
- Vinna með annan vanda, þegar það á við, s.s. les hömlun, misstyrk í þroska (málfrávik, óyrta námserfiðleika o.s.frv.) og sértæka námserfiðleika með markvissri sérkennslu.
- Færniþjálfun fyrir foreldra í uppeldi barna með vanda sem tengist ADHD og hegðunarerfiðleika s.s. námskeiðin Uppeldi barna með ADHD, COPE eða PMT.
- Mikilvægt er að benda foreldrum, kennurum og öðrum sem annast barnið á fræðslu um ADHD, bækur, lesefni, fræðslunámskeið og ADHD-samtökin [www.adhd.is](http://www.adhd.is) .